

sínum til þess að fá framlag sitt endurgoldið hjá framfærsluhreppnum, en þar að auki verður amtið að álíta að styrkurinn sje eigi löglega veittur, því þótt Friðmey Ámundadóttir væri aumingi ósjálfbjarga, og þótt hún hefði áður fengið styrk af Nauteyrarhreppi, þá var það samt skylda hreppsnefndarinnar í Múlahreppi að rannsaka sem nákvæmlegast skort hennar og það atriði, hvernig veru hennar hjá Guðna Hafliðasyni væri varið, samkvæmt því sem fyrir er mælt í 9. gr. fátækraeplugljörðar 8. jan 1834 og það þeim mun fremur, sem hún um næstundanfarin ár hafði engan fátækrastryrk þegið, enda virðist hún heldur eigi hafa verið styrkþurfi eptir styrkveitingum haustið 1900. Af því að styrkurinn er ólöglega veittur, getur hann heldur eigi haft þá verkun að sveitfestisdvöl Friðmeyjar Ámundadóttur í Múlahreppi hafi slitnað.

Nauteyrarhreppur skal þannig vera laus við að endurgjalda Múlahreppi hinn umrædda styrk.

**Brjef stjórnarráðsins til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um skilning á sóttvarnarlögum 6. nóv. 1902.** Í brjefi yðar, 26. febr. dagsettu 22. þ. m., hafði þjer, herra amtmáður, látið uppi álit yðar um erindi frá Þorsteini kaupmanni Egilsson í Hafnarfirði um rjettan skilning á 7. gr. laga 6. nóvbr. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands. Spyrjandinn er í efa um það, sem nokkrir halda fram, að sóttvarnarmönnum eða sóttgæzlumönnum sje leyfilegt að fara úti aðkomuskip, sem komi á höfn og ekki eigi að hafa uppi sóttvarnarveifu, en er þó helzt á því að skilja berilagagreininna eptir orðum hennar, sem kveða svo á um, að skipstjóri einn manna skuli ganga á land og fara beina leið til sóttgæzlumanns, en að enginn annar maður megi fara á land úr skipinu og enginn úti skipið úr landi eða frá öðrum skipum, fyren skipstjóri hefir fengið heilbrigðisvottorð hjá sóttgæzlumanni. Takið þjer það fram, að þjer sjeuð samdóma spyrjandanum um, að sóttvarnarnefndarmenn eða sóttgæzlumenn megi ekki fremur en aðrir fara úti nje heldur útað slíkum skipum, enda sje hin umrædda lagagrein orðrjett tekin upp í reglugjörð handa sóttvarnarnefndum 14. maí 1903; aptur á móti sje mönnum þessum gjört að skyldu í 15. gr. reglugjörðarinnar að fara útað skipum, sem hafa sóttvarnarveifu uppi, en mega ekki fara upp í þau.

Í niðurlagi erindis síns biður spyrjandinn leiðbeiningar um það, hvort skilningur sinn á eptirgreindum atriðum sje ekki rjettur: »En gefi skipverjar slíkra skipa (þ. e. aðkomuskipa er eigi eru skyld til að hafa uppi sóttvarnarveifu) á annan hátt ótvíræð merki þess, að þeir óski eða þurfi að hafa samgöngur við land sem verki það að einhver úr landi eða öðrum skipum fari út að þeim, til að fá vitneskju um hvað þeir vilja, þá virðist svo sem þeim sama mætti leyfast að koma í land aptur án frekari rannsókna við landgöngu hans, svo framarlega sem hann ekkert flytji í land með sjer úr hinu útlenda skipi; en fari hann uppi það, þá megi hann ekki koma á land, án þess að hafa skipherrann með sjer, sem þegar gangi til sóttgæzlumanns, og sýni skjöl sín; en að hinum leyfist ekki að yfirgefa bát sinn og ganga í land, fyren eptirað skips-

**18** skjölin sjeu rannsökuð og fundin að vera í reglu. Þessu álfítið þjer rjett að  
26. febr. svara á þá leið, að menn í landi megi yfirleitt ekki hafa nein mök við útlend skip fyr en lögunum og reglunum sje fullnægt fyrir tilhlutun þeirra manna, sem til þess eru skipaðir.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og birtingar fyrir spyrjandanum það sem hjer segir. Það sem umgetin lagagrein fyrir skipar er þetta: að skipstjóri á aðkomuskipi skuli þegar á höfn kemur sjálfur sýna sóttgæzlumanni sóttgæzluskirteini skipsins, ef til er, og gjöra grein fyrir heilbrigði manna á skipinu, áður en aðrir menn af skipinu hafa nokkur mök við land eða við önnur skip á höfninni, og að enginn samgangur milli aðkomuskipins og lands eða annara skipa megi eiga sjer stað fyr en skipstjóri hefir fengið heilbrigðisvottorð hjá sóttgæzlumanni. Það er því bert, að enginn, hvorki sóttgæzlumaður, aðrir sóttvarnarnefndarmenn nje nokkrir aðrir menn úr landi eða öðrum skipum mega fara úti skipið eða taka við mönnum eða farangri úr því, fyren skipstjóri hefir fengið heilbrigðisvottorðið. Að bátur úr landi eða frá öðru skipi komi að skipinu, ef enginn fer úr bátnum uppi skipið og báturinn tekur eigi við neinu, hvorki manni eða öðru úr aðkomuskipinu, virðist eigi varða við lög, þótt það eigi hafi fengið heilbrigðisvottorð hjá sóttgæzlumanni. Á þessu virðist enginn efi geta leikið. Hitt hefir þótt efasamt, hvort umrædd lagagrein setji það sem ófrávikjanlega reglu, að skipstjóri skuli ganga á land og sýna þar sóttgæzlumanni sóttgæzluskirteini skipsins og skýra þar frá heilsufari á skipinu, eða hvort það sje ekki nægilegt til uppfyllingar lögunum, að skipstjóri afhendi sóttgæzlumanni (um aðra sóttvarnarnefndarmenn getur alls eigi verið að tala) hvar sem er sóttgæzluskirteini skipsins og skýri frá heilbrigði manna á skipinu. Fulltrúi stjórnarinnar ljet á síðasta alþingi (Alþítið. B. 1243) þá skoðun í ljósi, að það yrði að teljast nægilegt, að sóttgæzlumaður taki á báti við skýrslu skipstjóra og gefi heilbrigðisvottorð þar. Stjórnarráðið verður að vera þessarar sömu skoðunar, en telur hins vegar óheppilegt að sóttgæslumenn leggi það í vana sinn að nauðsynjalausu að viðhafa slíka aðferð.

Að því er snertir fyrirspurnina í niðurlagi brjefs beiðandans, þá skal það enn tekið fram, að fari maður úr landi eða af öðru skipi á höfn úti aðkomuskip, áður en það hefir fengið heilbrigðisvottorð, þá hefir hann brotið lög in og unnið til sektar, og flytji bátur úr landi eða frá öðru skipi í land mann (skipstjóra eða annan) þarundir mann eða menn, sem farið hafa upp í skipið úr bátnum og síðan ofan í bátinn aptur, eða farangur úr aðkomuskipi, áðuren það hefir fengið heilbrigðisvottorð hjá sóttgæzlumanni, þá ber að fara með bátinn að öllu sem aðkomuskip og eptir atvikum sekta formann og skipshöfn.

Samkvæmt framanskrifuða virðist bera að svara hinum framangreindu fyrirspurnum þannig,

að á skipstjóra á aðkomuskipi, sem kemur á höfn og ekki er skylt að hafa uppi sóttvarnarveifu, hvílir sú kvöð, ef hann vill hafa mök við land, að fara sjálfur í land og lýsa komu sinni fyrir sóttgæzlumanni, nema sóttgæzlumaður leysi hann undan kvöð þessari með því að koma

útað skipshliðinni og taka þar við skýrslu skipstjóra og láta þar í tje **18**  
heilbrigðisvottorð; 26. febr.

að það varði ekki við lög, að bátur úr landi eða frá öðru skipi komi að  
aðkomuskipinu, áður en heilbrigðisvottorð er fengið, ef ekkert er aðgert  
frekara en að hafa tal af skipverjum, en

að það sje lögbrot, ef þeir, er á bátnum eru, hafa frekari viðskipti við  
skipverja, áður en heilbrigðisvottorð er fengið, og að þá eigi eptir at-  
vikum að fara með bátinn sem aðkomuskip.

**Brjef stjórnarráðsins til beggja amtmannanna um sóttgæzlu- **19****  
**menn.** Ad gefnu tilefni er hjer með bannað sóttgæzlumönnum að leysa 29. febr.  
skipstjóra á aðkomuskipi, nema brýna nauðsyn beri til, undan skyldu þeirri, er  
á þeim hvílir samkvæmt 7. gr. sóttvarnarláganna frá 6. nóvbr. 1902, að ganga  
sjálfir á land og lýsa komu sinni.

Þetta er yður, herra amtmaður, til vitundar gefið yður til leiðbeiningar  
og frekari birtingar, og eruð þjer jafnframt umbeðinn að brýna fyrir lögreglu-  
stjórum í ömtum yðar, að gæta þess að banni þessu sje hlýtt, og koma fram á-  
byrgð á hendur þeim, er útaf því kynni að bregða.

## Reglugjörð

um

### hafnsögu á Ísafirði.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 26, 3. okt. f. á., er hjer með eptir tillögum  
bæjarstjórnarinnar á Ísafirði sett eptirfarandi reglugjörð fyrir hafnsögu í  
kaupstaðnum:

#### 1. gr.

Á Ísafirði skal vera einn hafnsögumaður, er landsstjórnin skipar til þess  
eptir uppástungu bæjarstjórnarinnar á Ísafirði. Landsstjórnin getur þó, ef bæjar-  
stjórnin óskar þess, skipað einn hafnsögumann í viðbót.

Nú veikist eða deyr hafnsögumaður, og skal þá bæjarfógetinn á Ísafirði  
skipa einhvern mann til þess að gegna hafnsögumannsstörfum, til þess er lands-  
stjórnin skipar nýjan hafnsögumann.

#### 2. gr.

Sá, sem er skipaður hafnsögumaður, á að vera fullra 25 ára, laus við  
drykkjuskap, áreiðanlegur og góður verkmaður og einkum vel kunnugur inn-  
siglingunni, svo og þekkja nokkuð til þess, hvernig stjórna skal skipi. Hafn-

**20**

16. febr.